



TILLAGA

Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 8. september 2022: Tillaga fulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð óski eftir samvinnu við skóla- og frístundaráð, og velferðarráð um hvernig Reykjavíkurborg geti beitt sér vegna aukins ofbeldis ungmenna þar sem eggvopn koma við sögu. Mannréttindaráð getur haft rík áhrif með því að óska samráðs við önnur ráð í málum sem mannréttindi eru ekki virt. Lögregla gaf nýverið út yfirlýsingu þar sem hún lýsti áhyggjum yfir auknum vopnaburði í miðbæ Reykjavíkur. Alvarleg hnífstunguárás átti sér stað í miðbæ Reykjavíkur 12. ágúst síðastliðinn. Allir þeir sem sem áttu aðild að þeirri árás voru undir 20. ára aldri. Á menningarnótt voru endurteknar hnífstunguárásir þar sem börn undir lögaldri voru gerendur. Af fréttáflutningi að dæma eru þetta fyrst og fremst unglingspiltar. Í þessu sambandi mætti minna á að í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna er kveðið á um að börn eiga rétt á fræðslu, vernd, aðstoð og meðferð leiki grunur á að þau séu skaðleg sjálfum sér og eða öðrum. Sáttmálinn hefur enn ekki verið innleiddur í Reykjavík. MSS22090060